

**307. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurnesja, haldinn að Skógarbraut 945, Reykjanesbæ, fimmtudaginn 7. desember 2023, kl. 16:30.**

**Mætt:** Ingvi Þór Hákonarson, formaður, fulltrúi Reykjanesbæjar, Margrét Sæmundsdóttir, fulltrúi Reykjanesbæjar, Annas Jón Sigmundsson, fulltrúi Sveitarfélagsins Voga og Sunneva Ósk Þóroddsdóttir, fulltrúi Suðurnesjabæjar, auk starfsmanna Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja: Ásmundur E. Þorkelsson, framkvæmdastjóri (fundarritari), Sonja Hrund Steinarsdóttir, J. Trausti Jónsson og Helgi Haraldsson. Irmý R. Þorsteinsdóttir, fulltrúi Grindavíkurbæjar boðaði forföll. Bergþóra Sigurjónsdóttir, fulltrúi atvinnurekenda kom ekki á fundinn.

**Dagskrá:**

1. Yfirlit yfir störf HES
2. Starfsleyfi og skráningar
3. Skýrsla um framtíðarskipan heilbrigðiseftirlits
4. Umhverfismál / umgengni á lóðum
5. Vinna á vatnsverndarsvæði
6. Önnur mál (desemberfundur)

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

**1. Yfirlit yfir störf HES**

Starfsmenn fóru yfir helstu verkefni sem hafa verið á döfinni frá síðasta fundi heilbrigðisnefndar.

**2. Starfsleyfi og skráningar**

**Eftirtöldum veitt starfsleyfi skv. lögum nr. 93/1995 um matvæli. Gildistími starfsleyfa er 12 ár.**

- Bæjarins bestu sf., kt. 600794-2569, Flugstöð Leifs Eiríkssonar, 235 Reykjanesbæ til að reka söluturn með óvarin matvæli.

**Umsóknir um skráningar samkvæmt reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.**

- Lotus Car Rental ehf., kt. 530614-1820, fyrir bifreiðasprautun á Flugvöllum 6, 230 Reykjanesbæ.
- Ring ehf., kt. 451121-0300, fyrir rekstri bón- og bílapvottastöðvar fyrir bílaleigu á Bolafót 13, 260 Reykjanesbæ.
- Björgunarsveitin Suðurnes, kt. 690494-2219 fyrir flugeldasýningu þann 6. janúar 2024 klukkan 19.00 – 19.30 á Berginu, 230 Reykjanesbæ.

Nefndin felur heilbrigðiseftirlitinu að samþykkja skráningar á ofangreindum fyrirtækjum að uppfylltum starfsskilyrðum og greiddu skráningagjaldi.

**Skráningar samþykktar í samræmi við reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.**

- Eitrarinn ehf., 470923-1640, Gónhóli 9, 260 Reykjanesbæ fyrir rekstri meindýravarna.

**Fyrirtæki í auglýsingaferli skv. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sbr. verklagsreglur við auglýsingu nr. 582/2000 frá umhverfisráðuneytinu.**

- Síld og Fiskur ehf., kt. 590298-2399, til að starfrækja svínabú, Minni-Vatnsleysa, 191 Vogar. Gildistími takmarkaður við tvö ár vegna athugasemda.
- N1 ehf., kt. 411003-3370, til reksturs smur- og dekkjaþjónustu á Flugvöllum 27, 230 Reykjanesbæ.

Nefndin felur heilbrigðiseftirlitinu að gefa út starfsleyfi til ofangreindra fyrirtækja berist ekki athugasemdir á auglýsingatíma og að uppfylltum starfsleyfisskilyrðum. Berist athugasemdir mun heilbrigðisnefnd fjalla um málið á næsta reglulega fundi nefndarinar.

### **3. Skýrsla um framtíðarskipan heilbrigðiseftirlits**

Heilbrigðisnefnd Suðurnesja hefur fjallað um skýrslu starfshóps um fyrirkomulag eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum og matvælum. Starfshópurinn, sem var skipaður af umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra í samráði við matvælaráðherra með erindisbréfi, dags. 18. október 2022, hafði það verkefni að leggja til nýtt fyrirkomulag að opinberu eftirliti og leggur til að það flytjist alfarið frá sveitarfélögum til ríkisins.

Heilbrigðisnefnd Suðurnesja telur niðurstöðu starfshópsins að sumu leyti illa ígrundaða og skort hafi á þekkingu og yfirsýn hópsins á hlutverki og störfum heilbrigðisnefnda og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga. Þannig yfirsést starfshópnum fjölbætt hlutverk heilbrigðiseftirlitsins í nærumhverfinu og einblínir á reglubundið eftirlit. Nefndin telur að sú aðgerð að slíta í sundur hlutverk heilbrigðisnefnda og færa verkefni til tveggja ríkisstofnana afturför og til þess fallin að rýra þau lífsgæði sem felast í öryggi og heilnæmi matvæla og umhverfis.

Í skýrslunni er litið fram hjá þeirri staðbundnu þekkingu sem byggð hefur verið upp hjá heilbrigðisnefndum og hlutverki nefndanna við að tryggja heilnæmi og öryggi umhverfis og matvæla. Þessi þekking hefur nýst afar vel þegar kemur að skipulagsmálum og nýtingu staðbundinna auðlinda í sveitarfélögunum. Þannig á sér stað stöðugt samtal milli skipulagsyfirvalda og heilbrigðisnefnda um hvernig best má koma fyrir íbúabyggð, starfsemi og nýtingu náttúruauðlinda í nærumhverfinu og oft er það tilfellið að fullnusta á breytingu skipulags endar á borði heilbrigðisnefnda, sem tekur ákvarðanir um stöðvun starfsemi sem ekki fellur að skipulagsskilmálum.

Heilbrigðisnefnd Suðurnesja telur svigrúm til úrbóta á núverandi kerfi og tekur undir tillögur starfshópsins um nútímavæðingu upplýsingakerfa, stafræna stjórnáslu, endurskoðun þvingunarúrreða og náð samráð við sveitarstjórnarstigið um allar breytingar. Eins er góðra gjalda vert að vera sífellt með til skoðunar annars vegar ávinning samfélagsins af kröfum til atvinnurekenda á sviði umhverfismála og matvælaöryggis og hins vegar kostnað atvinnulífsins og endanum neytenda við að mæta þessum kröfum.

Heilbrigðisnefnd Suðurnesja telur sér hafa orðið ágætlega ágennt í þeirri vegferð að setja og framfylgja reglum um snyrtilegt og heilnæmt umhverfi, þó þar sé vissulega enn verk að vinna. Nefndin tekur umræðum um að auka veg þessa verkefnis fagnandi.

Heilbrigðisnefnd Suðurnesja lýsir sig tilbúna til samtals um verkefni sem lúta að eflingu heilbrigðiseftirlits í nærumhverfinu, með það fyrir augum að vernda þau lífsgæði sem felast í

ómenguðu umhverfi og öruggum matvælum með sem minnstum tilkostnaði fyrir neytendur og atvinnulíf.

#### **4. Umhverfismál / umgengni á lóðum**

Farið var yfir vinnu embættisins í málaflokknum.

#### **5. Framkvæmdir á vatnsverndarsvæði**

Verklagsreglur lagðar fram til kynningar.

#### **6. Önnur mál**

Rætt var um málefni Laugafisks á Reykjanesi.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið klukkan 18:00